

Ávarp framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga við undirritun sóknaráætlun landshluta í Ráðherrabústaðnum, 10. febrúar 2015.

Mennta og menningarmálaráðherra, sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra, ágætu landshlutasamtök og stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál.

Áfanga er náð. Samningur um sóknaráætlanir landshluta sem hér er til undirritunar er staðfesting á vilja ríkis og sveitarfélaga að vinna að langtímastefnu á skilgreindum svæðum landsins. Hér er verið að festa í sessi jöfnum höndum stjórnþæki og samskiptaferil fyrir skilgreinda málaflokka í ákveðnum landshlutum.

Sú sóknaráætlun landshluta sem nú tekur gildi, á að endurspegla áherslur Vísinda og tækniráðs og áherslur í áætlunum ríkisins svo sem í byggðamálum og menningarmálum auk fleiri áætlana. Sveitarfélögin horfa síðan til gagnkvæmra áhrifa sóknaráætlunar á stefnumörkun stjórnvalda þannig að áherslur landshlutanna hafi í auknu mæli áhrif á stefnumörkun þeirra.

Í þessum efnum er nærtækast að líta til, að við væntanlega endurskoðun byggðaáætlunar verði sú áætlun byggð á grunni sóknaráætlunum landshlutanna. Aðrar áætlanir stjórnvalda sem þar kæmu á eftir væru landsskipulagsstefna, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, menningaráætlun og menntaáætlun og síðar meir má horfa til áætlana á sviði velferðarmála. Með þessum hætti verði komið á gagnvirkum samskiptum í stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga. Á vettvangi sveitarfélaga er á sama hátt hægt að sjá gagnvirk áhrif sóknaráætlana við aðalskipulag og svæðisskipulagsgerð sveitarfélaga.

En til að stjórnþækið og samskipti sem hér að fram er lýst starfi á eðlilegan hátt, þarf að viðhalda aðkomu allra ráðuneyta að sóknaráætlun landshluta, í gegnum stýrihóp stjórnarráðsins í byggðamálum eða annan sambærilegan hátt.

Reynsla að fagráðuneyti haldi eingöngu um verkefnið er slæm með vísan til þess fyrirkomulags þegar iðnaðarráðuneytið stóð eitt og sér með málaflokkinn byggðamál og önnur ráðuneyti voru lítið virk. Staðreyndin er að byggðamálin þarf að vinna þvert á málaflokka allra ráðuneyta og aðferðafræði sóknaráætlunar á að tryggja að það sé gert.

Sóknaráætlun setur sambærilega körfu gagnvart sveitarfélögunum en sóknaráætlun á að byggja á víðtæku samráði margra aðila í héraði. Í þessu samhengi er rétt að áréttu reynslu af undirbúningi fyrri sóknaráætlana að þessir aðilar verða að finna í raun, að þeirra framlag til stefnumörkunar skili sér í áherslum ríkis og sveitarfélaga. Samantekið, að vettvangurinn sé virtur og virkur.

Sóknaráætlun landshluta á einnig að geta treyst samstarf allra landshluta og verið liður í að ná fram sameiginlegri sýn um þróun þjóðfélagsins. Höfuðborgarsvæðið er lykill landsins í samkeppni um fólk og fjármagn við önnur lönd eða fjölmenn héruð í nágrenni. Samtímis á einnig að vera mögulegt að skapa fjölbreytni í búsetuvali um landið, með öflugum byggðakjörnum sem eru í heilbrigðri samkeppni sín á milli. Hér ætti nálægð við náttúruauðlindir að geta skapað hverjum landshluta tækifæri og sérstöðu.

Efling sveitarstjórnarstigsins hefur verið sameiginlegt markmið ríkis og sveitarfélaga á síðustu áratugum. Þannig hafa sveitarfélögin tekið við auknum verkefnum frá ríkinu og líta ber á sóknaráætlun landshluta sem hluta af því markmiði, að efla sveitarstjórnarstigið.

Að meginhluta hafa þessi verkefni sveitarfélaga verið þjónustuverkefni sem afmörkuð eru með lögum og þróun málflokka er því hæg. Sóknaráætlun landshluta er að hluta þjónustuverkefni en eðli þess er gefur sveitarfélögum og landshlutunum í meira mæli tækifæri á að móta það á eigin forsendum og stjórnsýsla þess aðlöguð hverju svæði fyrir sig. Það er, að geta haldið úti öflugu nýsköpunar og þróunarstarfi í atvinnu, samfélags og menningarmálu í héraði, í takti við stefnumörkun stjórnvalda, en án beinnar íhlutunar þeirra.

Sátt um skiptireglu fjármagns er hér einnig grundvallaratriði þ.e. skiptiregla sem tekur mið af stöðu og síðan þróun atvinnulífs og samfélaga í hverjum landshluta fyrir sig. Takist vel til, þá má með tíð og tíma að vera hægt að fækka viðbragðsnefndum eða öðrum sértekum aðgerðum stjórnvalda. Mætti segja að lögð verði áhersla á að stunda forvirkar aðgerðir í stað skyndilausna.

Sóknaráætlun landshluta tekur við góðu búi vaxtarsamninga og menningarsamninga, en þessi verkefni hafa nú starfað í rúman áratug og náð að byggja upp verkefni einstaklinga og sprotafyrirtækja í héraði. Þessir aðilar eru nú það öflugir að þeir hafa á grundvelli stuðnings þessara verkefna, tök á að nýta sér aðkomu annarra og stærri sjóða s.s. Tækniþróunarsjóð og eða fjárfestingarsjóða. Hið sama gildir um menningarverkefni hvort sem um einstaklinga eða að stofnanir á því sviði, svo sem á sviði tónlistar eða kvikmyndalista einnig má nefna uppbyggingu menningarstofnana og menningarviðburða. Þessi verkefni hafa því skapað leið fyrir aðila í héraði til að vinna sínum hugmyndum brautargengi og þeir þekkja og treysta á orðið á þennan farveg.

Í þessu samhengi er því mikilvægt að við nú við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2016 verði sóknaráætlun landshluta elfd. Ekki er ásættanlegt að við festum fjárveitingu til fimm ára við þær fjárhæðir sem hér eru sett niður í samningum. Nýskipan fjármála ríkisins samkvæmt frumvarp fjármála og efnahagsráðherra ætti að vera leið til að setja niður samningsmarkmið í þessum efnum. Fyrsta markmið í þeim efnum væri að fjármagn til sóknaráætlunar landshluta næði að nýju framlagi ársins 2013.

Væri því heildarrámi áætlunarinnar í fjárlögum ekki 550 mkr heldur um 850 mkr. Hér fengist að nýju vindur í seglin eftir að hafa þurft að slá undan á síðustu tveim árum.

Sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra hefur bent á leiðir í þessum efnum með mörkuðum tekjustofnum s.s. veiðigjaldi, rétt er einnig að skoða gjaldtöku af nýtingu annarra náttúruauðlinda s.s. orku, jarðefnum, aðgengi að náttúru landsins í gegnum ferðaþjónustu og aðgengi að strandsvæðum. Hér væri þá einnig tenging við sérstöðu atvinnulífs hvers landshluta og telja verður að ná megi sátt við atvinnulífið um slíka gjaldtöku sem rynni til uppbyggingar atvinnu, samfélaga og menningar í héraði.

Ágætu tilheyrendur. Komin er á samningur um sóknaráætlun landshluta. Hann byggir á stöðum eldri samninga, en ef fjárveitingar og svigrúm til þróunar verður gefið, þá er hér stjórnþæki sem að byggja má á til komandi framtíðar. Í annan stað þá er mikilvægt að skipting fjármagns taki mið af stöðu og þróun atvinnu og samfélaga í viðkomandi landshluta. Mynda þarf traust um vettvanginn á milli ríkis og sveitarfélaga eftir að verulega hafi slegið í seglin á undanförunum tveim árum. Með þetta að leiðarljósi mun nýr samningur gefa landshlutunum ásættanlegt svigrúm við útfærslu og framkvæmd samningsins í héraði. Það er sameiginleg sýn ríkis og sveitarfélaga að farsælt sé að stjórnsýsla þessa málaflokks færast frá ríki til sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga þ.e. landshlutasamtaka og er þeim treyst til þess verkefnis og undir því trausti ætla landshlutasamtökin að standa.

Takk fyrir.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.